

DK/

Reykjavík, 23. febrúar 2015

Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (heimilisofbeldi), 470. mál.

**Um 1. gr.:**

Í upptalningu virðist vanta 233. gr., sem er almennt ákvæði um hótanir, og reynir gjarnan á í heimilisofbeldismálum. Óvíst er að markmið frumvarpsins nái nægjanlega fram að ganga, ef það verður að lögum í óbreyttri mynd, ef ekki verður vísað til 233. gr. almennra hegningarlaga.

Varað er við því að 1. gr. frumvarpsins verði samþykkt í óbreyttri mynd, að því er varðar upptalningu á XXII. kafla um kynferðisbrot, án frekari tilgreiningar. Í þeim kafla laganna er meðal annars kveðið á um kynferðisbrot gegn börnum, þar með talið sérstök refsíákvæði þegar brotið er gegn börnum sem tengd eru geranda fjölskylduböndum eða nátengd honum á annan hátt, sbr. 200. og 201. gr. almennra hegningarlaga. Þar er kveðið á um þyngri efri mörk refsingar (8 og 12 ár) sem er mun þyngra en gert er ráð fyrir í frumvarpinu (6 ár). Ef 1. gr. frumvarpsins verður að lögum í óbreyttri mynd þá verður misræmi í lögnum sem veldur óvissu við túlkun. Það kann að leiða til þess að dómstólar túlki vafa í þeim efnum kærða í vil og miði við hin lægri efri refsímörk sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Af greinargerð með frumvarpinu verður fremur ráðið að það sé ekki ætlunin.

Með sömu rökum er varað við því að 1. gr. frumvarpsins verði samþykkt í óbreyttri mynd, að því er varðar upptalningu á XXIII. kafla um manndráp og líkamsmeiðingar, án frekari tilgreiningar. Með 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ákveðin verði sérstök efri refsímörk (6 ár) ef brot hefur beinst að maka o.fl. Það getur leitt til þess að dæmd verði mun lægri refsing en ella yrði dæmd ef brotið yrði gegn 211. gr. (manndráp) og þolandi væri maki eða annar nákominn. Manndráp varðar almennt fangelsi ekki skemur en 5 ár eða ævilangt. Hið sama er uppi varðandi brot gegn 2. mgr. 218. gr. (stórfelld líkamsárás) sem varðar almennt allt að 16 ára fangelsi. Það getur tæplega verið markmið frumvarpsins að kveða á um lægri refsímörk ef slík alvarleg brot beinast að maka eða öðrum nákomnum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir er á þessu stigi eindregið varað við lögfestingu 1. gr. frumvarpsins í óbreyttri mynd og er nauðsynlegt að frumvarpið verði tekið til gagngerar endurskoðunar, að þessu leyti, við frekari þinglega meðferð málsins.

**Um 2. gr.:**

Engar athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Jón H. B. Snorrason  
formaður

Til nefndasviðs Alþingis:  
nefnasvid@althingi.is